

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Hagsmunasamtök
Heimilanna



16.12.2017

Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 17. mál á 148. löggjafarþingi

Tillaga til þingsályktunar um undirritun og fullgildingu valfrjálsrar bókunar við alþjóðasamning um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi

Hagsmunasamtök heimilanna hafa um allnokkurt skeið beitt sér fyrir því að ofangreind bókun við alþjóðasamning um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi verði fullgilt af hálfu Íslands. Er því sérstaklega ánægjulegt að fram sé komin þingsályktunartillaga þar að lútandi. Með vísan til þess yfirlýsta markmiðs íslenskra stjórnvalda að tryggja að allir njóti fullra mannréttinda hlýtur tillaga sem þessi að vera til þess fallin að um hana geti náðst víðtæk samstaða.

Helstu áhrif fullgildingar þeirrar valfrjálsu bókunar sem hér um ræðir yrðu þau að gera efnahags-, félags- og menningarréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna kleift að taka við kvörtunum einstaklinga á Íslandi yfir því að brotið sé gegn slíkum réttindum þeirra. Ýmis mikilvæg réttindi falla þar undir, meðal annars rétturinn til viðunandi fæðis, klæða og húsnæðis og sífelld batnandi lífsskilyrða. Til þess að tryggja slík réttindi er nauðsynlegt að einstaklingum á Íslandi sem telja að brotið sé gegn þeim, verði gert kleift að beina málum sínum til þar til bærrar nefndar Sameinuðu þjóðanna.

Hagsmunasamtök heimilanna styðja ofangreinda tillögu og hvetja til þess að hún verði samþykkt.

- o -

Virðingarfyllst,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Ásthildur Lóa Þórsdóttir'.

Ásthildur Lóa Þórsdóttir, formadur@heimilin.is

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Guðmundur Ásgeirsson'.

Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is

10. apríl 2018

Umsögn Landssamtakanna þroskahjálpar um tillögu til þingsályktunar um undirritun og fullgildingu valfrjálsrar bókunar við alþjóðasamning um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, 17. mál.

Stundum er talað um borgaraleg og stjórnmalaleg mannréttindi og efnahagsleg og félagsleg mannréttindi. Öll þessi mannréttindi, stjórnmalaleg, borgaraleg, efnahagsleg og félagsleg eru þó samtengd og hvert öðrum háð. Ef lágmarkspörfum einstaklings til framfærslu er t.a.m. ekki fullnægt er augljóst að að tækifæri hans til að nýta tjáningar- og félagafrelsi sitt eru mjög mikið skertir og ef einstaklingur fær ekki tækifæri til að eignast heimili er augljóst að möguleikar hans til einkalífs eru afar takmarkaðir og svona mætti lengi telja. Efnahagsleg og félagsleg mannréttindi og borgaraleg og stjórnmalaleg mannréttindi eru því ein órjúfanleg heild.

Það er því mikið áhyggjuefni fyrir fatlað fólk og alla sem telja að þau lágmarksréttindi og tækifæri sem mannréttindum er ætlað að tryggja öllu fólki, alltaf og alls staðar, eigi að vera grundvöllur samfélags okkar, að Hæstiréttur Íslands og þar með almennir dómstólar sem styðjast við fordæmi hans, skuli veita efnahagslegum og félagslegum réttindum fólks, þ.m.t. fatlaðs fólks, eins litla vernd og raun ber vitni. Þessi dómaframkvæmd Hæstaréttar og hvað hún þýðir fyrir mannréttindi á Íslandi er rakið skýrt og skilmerkilega í grein Kára Hólmars Ragnarssonar, lögmanns og doktorsnema í lögum við Harvardskóla, sem birtist í 1. tbl. Úlflióts, tímarits laganema, á þessu ári. Grein Kára ber yfirskriftina *Falsvonir Öryrkjabandalagsdómsins – nýleg dómaframkvæmd um félagsleg réttindi*. Greinina má nálgast hér:

<http://rettur.is/kari-holmar-og-falsvonir-oryrkjabandalagsdómsins/>

Með því að fullgilda valfrjálsu bókunina verður virkara aðhald með ríkjum um að framfylgja samningnum og að tryggja öllum, þ.m.t. fötluðu fólki, þau efnahaglegu, félagslegu og menningarlegu mannréttindi sem þeir eiga að njóta, án mismununar.

Með vísan til þess sem að framan er rakið mæla Landssamtökin Proskahjálpar eindregið með samþykkt þessarar þingsályktunartillögu.

Virðingarfyllst,
f.h. Landssamtakanna Proskahjálpar,

Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður.
Árni Múli Jónasson, framkvæmdastjóri.